## Staðfesting um misserisverkefni

Í lok hvers misseris vinna nemendur Viðskiptaháskólans á Bifröst umfangsmikið verkefni, svokallað misserisverkefni, í tengslum við aðila í atvinnulífinu, til að hagnýta þá þekkingu og þjálfun sem þeir hafa öðlast í námi sínu.

Misserisverkefni er sjálfstætt hópverkefni og ákveður hver nemendahópur viðfangsefni sitt. Misserisverkefni er unnið samkvæmt ákveðnum leiðbeiningum og reglum og því er ætlað að standast kröfur Viðskiptaháskólans á Bifröst.

Viðskiptaháskólinn á Bifröst þakkar öllum þeim sem greiða götu nemenda við undirbúning og vinnslu verkefna og vonar að hvert verkefni sé skerfur til úrbóta og framþróunar fyrir alla þá sem málið varðar hverju sinni.

Kennarar við Viðskiptaháskólann á Bifröst hafa fjallað um lokaverkefnið og metið það samkvæmt reglum deildanna.

Titill verkefnis:

***Er hægt að búa til verðvísitölu íslenskra listaverka?***

Viðskiptaháskólanum á Bifröst, 23. júní 2006

**Einkunn__________**

_______________________________________________

Deildarforseti viðskiptadeildar

# Er hægt að búa til verðvísitölu íslenskra listaverka?

Misserisverkefni nemenda í BS viðskiptanámi veturinn 2005-2006


**Nemendur í misserishóp 2**
Áslaug Heiðarsdóttir
Fjóla Kristinsdóttir
Jóhann Ágúst Hansen
Ólafía B. Ásbjörnsdóttir
Svandís Ragnarsdóttir

VIÐSKIPTAHÁSKÓLINN BIFRÖST


Höfundur myndar á forsíðu: Þórarinn B. Þorláksson

## Ágrip

Í skýrslu þessari er að finna verðvísitöluútreikninga listaverka og er hún unnin út frá gagnagrunni sem skráður var eftir uppboðsskrám. Einnig er fjallað um sögu listaverkauppboða á Íslandi, stóra málverkafölsunarmálið svonefnda og erlendar rannsóknir um sama efni.

Leitast er við að svara rannsóknarspurningunni: *Er hægt að búa til verðvísitölu íslenskra listaverka?*

Safnað var saman upprunalegum uppboðsgögnum og þau skráð í Excel® forritið til úrvinnslu. Öll verð eru framreiknuð til ársins 2005 og að vel athuguðu máli var ákveðið að nota tuttugu ára tímabil sem úrtak í fræðilegri umfjöllun og túlkun á niðurstöðum gagnabankans. Að lokum eru niðurstöður dregnar saman og rannsóknarspurningunni svarað.

# Yfirlýsing höfunda

Undirritaðir, nemendur fjarnáms viðskiptadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst, unnu skýrsluna á sumarmisseri 2006. Markmið verkefnisins var að kanna hvort hægt væri að búa til verðvísitölu íslenskra listaverka.

Höfundar vilja koma á framfæri þakklæti til allra sem veittu aðstoð á einn eða annan hátt við gerð skýrslunnar. Sérstakar þakkir fá Jón Óli Sigurðsson framkvæmdastjóri Greiningahússins ehf., Bragi Rúnar Axelsson viðskiptalögfræðingur, Bragi Guðlaugsson listaverkasafnari, Guðmundur Þorkelsson listaverkasafnari, Elín Guðjónsdóttir deildarbókarvörður Listasafns Íslands, Valborg Stefánsdóttir forstöðumaður bókasafns Seðlabanka Íslands, Margrét Tryggvadóttir bókmenntafræðingur, Elínbjört Jónsdóttir listmunasali, Tryggvi Páll Friðriksson listmunasali og Fanney Einarsdóttir fyrir hönnun skýrslukápu.

Við undirrituð höfum unnið misserisverkefni þetta í samvinnu og er framlag hvers og eins jafnmikið. Verkefni þetta er að öllu leyti okkar eigið verk og skilmerkilega er vísað til heimilda þar sem vitnað er til verka annarra. Í því efni höfum við fylgt reglum skólans eftir bestu getu.

Bifröst, 23. júní 2006

______________________________ ______________________________

Áslaug Dröfn Heiðarsdóttir — Fjóla Steindóra Kristinsdóttir

______________________________

Jóhann Ágúst Hansen

______________________________ ______________________________

Ólafía Bjarnheiður Ásbjörnsdóttir — Svandís Ragnarsdóttir

# Efnisyfirlit

Efnisyfirlit ..... 5
1. Inngangur ..... 6
2. Aðferðafræði ..... 8
3. Vísitölur ..... 10
3.1 Hvað eru vísitölur? ..... 10
3.2 Erlendar rannsóknir á listaverkamörkuðum ..... 12
3.2.1 Yfirlit yfir helstu rannsóknir og aðferðir ..... 13
3.2.2 Erlendur gagnagrunnur um verðvísitölu listaverka ..... 15
3.3 Listaverkavísitala ..... 16
3.3.1 Hin nýja listaverkaverðvísitala ..... 17
4. Saga og framkvæmd uppboða ..... 18
4.1. Saga ..... 18
4.2 Framkvæmd uppboða ..... 19
4.3 Uppboðsgjöld ..... 21
4.4 Stóra fölsunarmálið ..... 21
4.4.1 Rannsóknarferlið ..... 23
4.4.2 Dómurinn ..... 23
4.4.3 Áhrif fölsunarmálsins ..... 25
5. Listaverkamarkaðurinn ..... 27
5.1 Verðmætasköpun myndlistarinnar. ..... 28
5.2 Hvað aðgreinir listamarkaðinn frá öðrum mörkuðum? ..... 29
6. Fræðileg umfjöllun ..... 31
6.1 Neysluverðvísitala og ICEX-15 úrvalsvísitala ..... 31
6.2 Meistari Kjarval ..... 34
6.2.1 Olíuverk Kjarvals í samanburði við heildarfjölda olíuverka ..... 35
6.3 Afkastamestu og eftirsóknaverðustu listamennirnir ..... 37
7. Niðurstöður ..... 39
8. Heimildaskrá ..... 39
8.1 Ritaðar heimildir ..... 39
8.2 Rafrænar heimildir ..... 40
8.3 Lög og reglugerðir ..... 42

# 1. Inngangur

Viðfangsefni þessarar skýrslu er að skoða hvort hægt sé að búa til listaverkaverðvísitölu út frá uppboðsskrám. Skoðað er hvort þessar skrár séu áreiðanlegar heimildir. Hvort uppboð endurspegli verð myndlistar og annarra listaverka á markaðnum hér á landi og hvort hægt er að bera þessa vísitölu saman við aðrar með fræðilegum hætti.

Leitast verður við að svara rannsóknarspurningunni:

**„Er hægt að búa til verðvísitölu íslenskra listaverka?“**

Ennfremur voru eftirfarandi markmið sett við vinnslu verkefnisins:

- Að skoða íslenskan uppboðsmarkað myndlistar með það í huga að safna marktækum gögnum.
- Að skýrsluhöfundar tileinki sér á sem raunhæfastan hátt námsefnið í upplýsingatækni og tölfræði og auki þekkingu sína í þeim fræðum.
- Að öðlast þjálfun í fræðilegum vinnubrögðum með öflun, meðferð og úrvinnslu heimilda.

Skýrslan er byggð upp á þann hátt að byrjað er að fjalla um þá aðferðafræði sem var notuð við vinnslu skýrslunnar. Þar á eftir er fjallað um vísitölur og því næst sögu og framkvæmd uppboða. Næst er á fræðilegan hátt fjallað um listaverkamarkaðinn. Í framhaldi af því verður fræðileg umfjöllun sett fram og niðurstöður kynntar.

Höfundar telja það annmarka á skýrslunni að frumheimildir eru ekki eins skráðar og ekki tæmandi. Óvissa ríkir um umfang fölsunarmálsins, íslensk myndlistarsaga er ung og hefð fyrir uppboðum lítil.

Skýrslan er afmörkuð á þann hátt að höfundar notuðu eingöngu uppboðsgögn frá árunum 1985 til 2005 þar sem frumrit uppboðsskráa frá því tímabili eru hvað marktækastar. Ákveðið var að skrá ekki uppboð í gagnabankann sem haldin hafa verið til styrktar góðgerðarmálum. Uppboðsgögn eru ekki tæmandi gögn fyrir myndlistarmarkaðinn. Einnig afmörkuðu höfundar sig við einfaldan meðaltalsvísitöluútreikning.

Uppboðskrárnar sem skýrsluhöfundar unnu upp úr voru í flestum tilfellum frumrit og fengnar hjá Gallerii Fold, Braga Guðlaugssyni listaverkasafnara, Seðlabanka Íslands, Guðmundi Þorkelssyni listaverkasafnara, Listasafni Íslands og fleirum.

Fjöldi skráðra verka sem notuð eru til útreikninga listaverkaverðvísitölunnar eru 11.295 þúsund og eru höfundar þeirra 966.
Áhugavert og fræðandi er að sjá að hvaða listamenn eru eftirsóknaverðastir miðað við seld verk og verð. Spurning sem vakti áhuga skýrsluhöfunda var hvort verk frumherja íslenskrar myndlistar væru jafn verðmæt og almennt er talið? Þá er þáttur stóra málverkafölsunarmálsins fyrirferðamikill og athyglisvert að skoða hvaða áhrif hann hefur á útreikningana. Það sem vekur einna mesta athygli skýrsluhöfunda er sú upphæð sem liggur í verslun með listaverk á uppboðum á þessu tímabili, upphæðin er kr. 1.372.873.152,-.

## 2. Aðferðafræði

Mynd 1[1]




Undirbúningur fyrir skýrslu sem þessa er mikill, gagnasöfnun var stærsti þáttur verkefnisins í ljósi þess að engin skráður gagnabanki er til yfir efnið og engum gögnum um uppboðshald á Íslandi hefur áður verið safnað saman á einn stað. Eftir gagnaöflun og skráningu uppboða sem haldin hafa verið á Íslandi fundu skýrsluhöfundar aðferð sem þeir telja að henti best við útreikning á listaverkavísitölu. Nokkrar aðferðir komu til greina. Eftir að hafa skoðað erlendar rannsóknir kom einna helst upp sú hugmynd að nota Fisher-aðferðina sem er einfalt meðaltal vogaðrar Laspeyres-vísitölu og vogaðrar Paasche-vísitölu. Þessar vísitölur eru vogaðar vísitölur, reiknaðar út frá körfu af takmörkuðum vörum. Þá komu upp þær spurningar hvort það gæfi nægilega nákvæma mynd af verðþróuninni, hvert úrtakið ætti að vera, ætti það að afmarkast við ákveðna höfunda eða gerð verka, stærð o.s.frv.

Til að fá sem raunhæfasta mynd af markaðnum má reikna út hvernig seld verk skiptast í olíuverk, vatnslitaverk, þrykk, skúlptúra eða önnur verk, en þannig er hægt að ákvarða vægi hvers þáttar til körfunnar.

Hvor aðferðin um sig meðhöndlar verðbólguáhrif á mismunandi hátt; Laspeyres vísitalan gerir of mikið úr verðbólguáhrifum[2] en Paasche-aðferðin of lítið úr áhrifum verðbólgu.[3]

---

[1] Kotler, Philip, (2003). *Marketing Management.* New Jersey; Pearson Education.
[2] Levine, Stephan, Krehbiel & Berenson (2002). *Statistics for Managers 4 th ed*. New York; Prentice Hall, bls 706
[3] Levine, Stephan, Krehbiel & Berenson (2002), bls 707

Þriðja aðferðin, Fisher-aðferðin sem nefnd er eftir ameríska hagfræðingnum Irving Fisher reiknar óvogað meðaltal hinna tveggja.[4] Í viðauka 4 er listi yfir þessar vísitöluformúlur.

Höfundar komust að samkomulagi um að best væri að nota einfaldan meðaltals- útreikning, þar sem meðalverð hvers árs er reiknað og notað til grundvallar vísitölu. Þegar gagnagrunnurinn hafði verið skráður og stærð hans var ljós töldu höfundar best að láta grunninn ráða hlutfalli hvers og eins listamanns miðað við fjölda sleginna verka. Gagnagrunnurinn telur flest uppboð frá árinu 1953 en skýrsluhöfundar ákváðu að afmarka sig við tímabilið 1985 til 2005. Það var gert vegna þess að á fyrstu árum málverkauppboða voru uppboðin fá og haldin óreglulega og myntbreytingin kemur einnig inn í það tímabil. Það er ekki fyrr en 1984 sem listaverkauppboð eru haldin hér oft á ári. Formúlan sem við notum við útreikning vísitölunnar er summan af slegnum verkum hvert ár, deilt með fjölda verka hvers árs.
Samanlögð verðvísitala:[5]

$$I_U^{(t)} = \frac{\sum_{i=1}^{n} P_i^{(t)}}{\sum_{i=1}^{n} P_i^{(0)}} x100 \qquad (2.1)$$

[4] Sótt af http://www.census.gov/const/www/generalinformationaboutpriceindexes.pdf þann 10.6. 2006.
[5] Levine, Stephan, Krehbiel & Berenson (2002).

# 3. Vísitölur

## 3.1 Hvað eru vísitölur?

Vísitölur eru meðaltöl sem fengin eru með því að vega saman margar stærðir á ákveðnum tíma til að fá eina tölu og skoða breytingar á milli tímabila. Vísitölur á vettvangi efnahagsmála eru hvað mest áberandi og má þá fyrst nefna vísitölu neysluverðs, þetta stórmerkilega fyrirbæri stjórnar því hvað einstaklingar borga af lánunum sínum og getur ógnað stöðugleika kjarasamninga. Vísitala neysluverðs er oftast notuð til að mæla verðbólgu á Íslandi. Verðlagsvísitalan er reiknuð með því taka kostnað við kaup á tilteknu magni af margs konar vörum og þjónustu á ákveðnum tíma svokallaða neyslu- körfu og er hún grunnur vísitölunnar.[6] Reiknað er með að þessi karfa endurspegli það sem dæmigerð íslensk fjölskylda (stundum kölluð vísitölufjölskylda) kaupir á ákveðnu tímabili. Breytingar á neysluvenjum íslendinga hafa verið örar og er því nauðsynlegt að endurskoða körfuna reglulega. Það er gert með því að hópur fólks er fenginn til að skrá útgjöld ákveðins tímabils og er þannig hægt að sjá breytingar á neysluvenjum þess.

Þegar vísitala er fyrst reiknuð út er algengt að hún sé stillt á 100 stig eins og það er kallað, það er einfaldlega gert til að reikningurinn verði einfaldari síðar meir. Það má þó segja að vísitölur séu í eðli sínu ófullkominn mælikvarði á verðlagsþróun listaverkamarkaðar þar sem þær taka ekki tillit til ýmissa mannlegra þátta, s.s. breytingum á smekk fólks og jafnvel tísku auk þess sem erfitt er að meta gæði einstakra verka. Þegar mörgum stærðum, í okkar tilfelli verðum, er steypt í eina með meðaltalsútreikningi er verið að einfalda hlutina til muna. Þar með er hæpið að góð mynd fáist af verðlagsbreytingum með slíkri einföldun.

[6] Sótt af www.visindavefur.hi.is þann 5.júní 2006.

Tafla nr.1 vísitala neysluverðs, breyting milli ára á föstu verðlagi frá árinu 1984.[7]

| Ár | Vísitala neysluverðs | % br. milli ára |
|---|---|---|
| 2005 | 599 | 4,03% |
| 2004 | 575 | 3,23% |
| 2003 | 557 | 2,09% |
| 2002 | 546 | 4,84% |
| 2001 | 521 | 6,64% |
| 2000 | 488 | 5,06% |
| 1999 | 465 | 3,43% |
| 1998 | 449 | 1,67% |
| 1997 | 442 | 1,80% |
| 1996 | 434 | 2,26% |
| 1995 | 425 | 1,65% |
| 1994 | 418 | 1,51% |
| 1993 | 412 | 4,10% |
| 1992 | 395 | 3,78% |
| 1991 | 381 | 6,78% |
| 1990 | 357 | 14,84% |
| 1989 | 311 | 21,09% |
| 1988 | 257 | 25,43% |
| 1987 | 205 | 18,76% |
| 1986 | 172 | 21,27% |
| 1985 | 142 | 32,34% |
| 1984 | 107 | |

Í töflu 1 hér til hliðar má sjá þróun vísitölu neysluverðs, breytingu á föstu verðlagi frá árinu 1984. Vísitala neysluverðs er notuð í ýmsum tilgangi og má ætla að helstu notin séu sem hér segir:

- Til að meta almennar verðtryggingar
- Við verðtryggingu fjárskuldbindinga
- Við útreikninga á verðbreytingarstuðli í reikningsskilum fyrirtækja
- Við útreikninga á kaupmætti
- Við mat á verðlagsáhrifum efnahagsaðgerða
- Til alþjóðlegs samanburðar

(Sótt af vef Hagstofu Íslands.)

Skýrlsuhöfundar notuðu grunn neysluverðsvísitölunnar frá 1984 sem grunn til að færa öll verð á listaverkum á fast verðlag ársins 2005.

[7] Sótt af http://www.hagstofa.is

## 3.2 Erlendar rannsóknir á listaverkamörkuðum

Hvaða ávöxtun skila fjárfestingar í listaverkum? Þessi spurning hefur brunnið á vörum margra hagfræðinga og almennings í allnokkra áratugi. Ástæðan fyrir þessum áhuga getur verið sú að fólk hefur tilhneigingu til að trúa því að fjárfesting í listaverkum skili betri ávöxtun en fjárfestingar á almennum hlutabréfamarkaði, allavega ef fjárfestir er vel upplýstur um listaverkamarkaðinn. Fjölmiðlar hafa verið duglegir að flytja fréttir ef listaverk eru seld á metverði. Verk listamannsins Van Gogh „Sólblóm" var selt á uppboði fyrir 39,9 milljónir dollara í mars 1987. Þessi sala varð fljótlega að fréttum gærdagsins þegar verk eftir sama listamann „Írisar" var selt á 53,9 millj. dollara í maí 1989. Þessum fréttum ber að taka með varúð, sérstaklega með tilliti til verðhruns á markaði eftir 1989. Verk eftir Picasso „La Lecture" var til dæmis keypt á 6,3 millj. dollara árið 1989 en ekki tókst að fá hærra boð í sama verk en 4,8 millj. dollara árið 1996, það var því „slegið inn". Þrátt fyrir þetta halda fjölmiðlar áfram að flytja fréttir af metsölum eða þegar listaverkamarkaðurinn sýnir einhver merki þess að verð sé að hækka.[8]

Prófessor Wagenführ, þýskur hagfræðingur, var einn af þeim fyrstu sem rannsakaði markvisst ávöxtun listaverkaverðs (1965). Þessi rannsókn fékk ekki mikla umfjöllun. Rannsóknir Andersons (1974) og Steins (1977) komust að því að ávöxtun á fjárfestingu í listaverkum er ekki meiri en á öðrum valkostum á verðbréfamörkuðum. Í rannsóknum Andersons kom fram að nafnávöxtun listaverka væri 3,3% á tímabilinu 1810-1970 í samanburði við 6,6% ávöxtun á almennum verðbréfamörkuðum. Rannsókn Steins á tímabilinu 1946-1968 sýnir að nafnávöxtun listaverka hafi verið 10,5 í samanburði við 14,5% ávöxtun á almennum hlutabréfamarkaði.[9]

Í rannsókn eftir Chanel, Gerard-Varet, og Ginsburgh (1996) eru bornar saman tvær aðferðir sem eru „Repeat-Sales Method" og „Hedonic Price Method". Í endursöluaðferðinni eru verk sem seld eru oftar en einu sinni á ákveðnu tímabili notuð sem grunnur að vísitölu. Hedonic aðferðin tekur tillit til þess þáttar er varðar mannlega eðlið en þar er bætt við ákveðum

[8] Frey S. Bruno (2003), bls. 157-158.
[9] Frey S. Bruno (2003), bls. 160.

leiðréttingarstuðli sem getur verið viðmiðunarverk, höfundur, gerð verks, stærð og svo framvegis. Niðurstöður þessara rannsókna sýna fram á að báðar þessar aðferðir gefi til kynna raunverulega ávöxtun á fjárfestingu í listaverkum til langs tíma litið. Þar er eining talað um að Hedonic aðferðin gefi nægilega ítarlegt mat á hreyfingu verðlags á ákveðnu tímabili á samanlögðu verði. Þó er alltaf til staðar ósýnilega breytan í listaverkinu sem stjórnast af mannlegu eðli og getur hún gert niðurstöðuna hlutlæga.[10]

Mei og Moses nota endursöluaðferðina þannig að árið 2002 tóku þeir 4,896 verðpör sem náðu yfir árin 1875-2000. Endurteknar uppboðsverðtölur eru traustar og birtar opinberlega og eru því notaðar til að búa til gagnabanka og reikna út breytingar á mismunandi eignartíma og á skilyrðislausum söfnunum. Mei og Moses gerðu slíkan gagnabanka fyrir ameríska markaðinn, þó aðallega New York.

Niðurstöður rannsóknar þeirra var sú að list er meira heillandi fjárfesting en stöðug innkoma verðbréfa, þó svo að frammistaðan sé undir ávöxtun verðbréfa. Skrá þeirra hafði minni sveiflur og mun minni fylgni með öðrum eignum eins og sést hefur í öðrum rannsóknum. Einnig kom það fram í rannsóknum þeirra, líkt og hjá Pesando (1993) að dýr málverk eiga það til að vera metin undir markaðsverði. Einnig hafa komið fram vísbendingar um að *„lög um eitt verð“*[11] eigi ekki við um New York markað. Verðmunurinn var í rauninni sáralítill og ef eitthvað var þá var innkaupsverð hærra á öðrum staðnum sem notaður var til að bera verðin saman. Niðurstaða Meis og Moses er sú að einkenni arðsemisáhættunnar á listaverkum og fylgni hennar á fjáreignum hefur áhrif á langtíma fjárfestingar og að fjárfestar skulu hafa það í huga að yfirbjóða ekki í listaverkið því þá er ekki víst að arðsemin skili sér að lokum.[12] Þeir álykta einnig að fjárfesting í listaverkum er góð leið til að dreifa áhættu eignasafns.

### 3.2.1 Yfirlit yfir helstu rannsóknir og aðferðir

Tafla 2 er samantekt á helstu erlendu rannsóknum sem gerðar hafa verið á fjárfestingum í listaverkum og arðsemi þeirra. Áætluð arðsemi listaverka er háð þeim tímaramma sem rannsóknirnar ná yfir hverju sinni og aðferð við útreikninga þeirra. Megin tilgangur þessara rannsókna er að rannsaka arðsemi listaverka miðað við aðra fjárfestingamöguleika og þessum

[10] Asenfelter, O. Og Graddy, K (2002), bls. 10.
[11] Mei, J. og Moses, M. (2002), bls 3.
[12] Mei, J. og Moses, M. (2002).

rannsóknum er hægt að skipta upp í tvo megin þætti;  annars vegar mælingar á arðseminni fjárfestinga og hins vegar verðþróun listaverka.

TAFLA 2.[13]

| | Áætluð ávöxtun listaverka samkvæmt nokkrum könnunum | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Höfundur** | **Úrtak** | **Aðferð** | **Nafnávöxtun** | **Raunávöxtun** |
| Anderson (1974) | 1780-1960:listaverk | Hedonic | 3,30% | 2,6%* |
| | 1780-1970:listaverk | Endursöluaðferð | 3,70% | 3,0%* |
| Stein (1977) | 1946-1968 | Slembiúrtak | 10,50% | |
| Baumol (1986) | 1652-1961:listaverk | Endursöluaðferð | | 0,55% |
| Frey og Pommerehne (1989) | 1635-1949 | Endursöluaðferð | | 1,40% |
| | 1950-1987 | Endursöluaðferð | | 1,70% |
| Bulenes og Grinsburgh (1992) | 1700-1961 | Hedonic | | 0,91% |
| Pesando (1993) | 1977-1991:samtíma þrykk | Endursöluaðferð | | 1,51% |
| Goetzmann (1993) | 1716-1986:listaverk | Endursöluaðferð | 3,2 | 2,0%* |
| Barre, et.al. (1996) | 1962-1991:meistarar | Hedonic | 12% | 5%* |
| Barre, et.al. (1996) | 1962-1991:aðrir | Hedonic | 8% | 1%* |
| Chanel,et. Al. (1996) | 1855-1969 | Hedonic | | 4,90% |
| Chanel, et. Al (1996) | 1855-1969 | Endursöluaðferð | | 5% |
| Mei og Moses (2001) | 1875-2000:listaverk | Endursöluaðferð | | 4,90% |
| Graeser (1993) | 1967-1986:antik húsgögn | Annað** | 7,00% | |
| Ross og Zondervan (1993) | 1803-1986:fiðlur | Hedonic | | 2,20% |

* Þar sem margar af könnunum birta einungis nafnávöxtun hafa skýrsluhöfundar reiknað út raunávöxtun með eftirfarandi hætti. Fyrir rannsóknir Andersons og Baumol var notuð 0,7% verðbólga. Þessi tala er áætluð af Baumol út frá reiknaðri verðbólgu á 300 ára tímabili út frá Phelps-Brown og Hopkins verðvísitölunni. Goetzmann áætlaði að verðbólga á því tímabili sem rannsókn hans náði yfir (einnig byggð á Phelps-Brown og Hopkins) hafi verið 1,2%. Samkvæmt OECD var verðbólga í Frakklandi 7% á tímabilinu 1962-1992.
** Gerir ráð fyrir slembiúrtaki innan eignasafns, samsettu af ákveðnum húsgagnagerðum.
(Asenfelter, O. og Graddy, K (2002) bls. 12.)

Flestar rannsóknir sem gerðar hafa verið notast við opinber uppboðsgögn enda eru það einu gögnin sem eru almenningi aðgengileg. Ástæða þess að þessi leið er farin er sú að ómögulegt gæti verið að nálgast aðrar upplýsingar þar sem oft er um trúnaðarmál að ræða milli kaupanda og seljanda. Seljendur listaverka eru í flestum tilfellum gallerí og eru gögn þeirra ekki aðgengileg. Einu opinberu upplýsingarnar fyrir utan uppboðsgögn eru upplýsingar um kaup opinberu listasafnanna. Engin rannsókn hefur verið gerð á verðþróun þessara kaupa en það gæti verið áhugavert rannsóknarefni skýrsluhöfunda síðar.

[13] Asenfelter, O. og Graddy, K (2002), bls. 12.

## 3.2.2 Erlendur gagnagrunnur um verðvísitölu listaverka

Hislop Art Sale Index er gagnagrunnur sem samanstendur af seldum málverkum á uppboðum um allan heim. Hann var stofnaður árið 1968 af Richard Hislop. Á þeim tíma var markaðurinn mjög lokaður og erfitt að nálgast uppboðsgögn, þeim hafði ekki verið safnað saman í einn grunn og má því segja að Hislop af verið frumkvöðull í að búa til gagnagrunn sem aðgengilegur var almenningi sem hyggst kaupa listaverk. Til þess að listaverk sé skráð í gagnagrunninn þarf það að hafa verið slegið á ákveðnum lágmarksverðum sem nú eru £250, $400 eða €400.[14]

Aðferðafræði Art Sale Index:

$$I_U^{(t)} = \frac{\sum_{i=1}^{n} P_i^{(t)}}{\sum_{i=1}^{n} P_i^{(0)}} x100 \qquad (3,1)$$

Mynd 2: Þróun verðs á myndlistarmarkaðnum í Evrópu.[15]




[14]Sótt af vef Art Sales Index 20. júní 2006 http://www.art-sales-index.com./system/index.html.
[15] Sótt af vef Art Sales Index 20. júni 2006 http://www.art-sales-index.com./system/index.html.

## 3.3 Listaverkavísitala

Verðlags vísitalan tekur ekki mið af vöruþróun, betrumbótum og eða tískusveiflum á markaði (hegðun einstaklingsins). Til útskýringar mætti nefna listaverk eftir einhvern ákveðinn höfund sem kæmist í tísku ef svo má segja. Þá gæti verð á myndum eftir hann rokið upp á næsta uppboði og hækkað vísitölu listaverka. Er eðlilegt að einn ákveðinn listamaður eða geðþóttaákvarðanir neytenda geti keyrt upp vísitöluna?

Verðþróun á íslenskum listaverkum hefur ekki verið skoðuð áður á þennan hátt en þekkist vel erlendis. Því er ekki að neita að kaup á listaverki eru á margan hátt sérstök fjárfesting. Verkin geta til að mynda staðið áratugum saman án mikils viðhalds. Segja má að hluti verðsins sé gjald fyrir afnot af verkinu sem stendur eigandanum til ánægju á heimili eða vinnustað. Ýmsir óvissuþættir koma upp þegar hugað er að listaverkakaupum. Einn þeirra viðkemur mannlega eðlinu, smekk kaupandans. Verður hann sá sami áfram, verður áhugi annarra kaupanda til staðar, verður þeirra smekkur sá sami eða breytist gildismat samfélagsins?

Eitt af séreinkennum myndlistar er að þau verk sem eru til sölu eru oftast einstök á sinn hátt, það vekur okkur til umhugsunar um hvort ekki gæti ákveðinnar tvíræðni ef farið er út í einfalda vísitöluútreikninga, þegar skoða á hreyfingu verðlags. Eitt af áhyggjuefnunum við að nota einfalda meðaltalsútreikninga eru efnahagslegar uppsveiflur. Almennt séð gefa meðaltalsverð til kynna breytileika á verðlagi á ákveðnum tímabilum en þegar listaverk eru skoðuð lýsir meðaltalsverð kannski frekar hreyfingu verðs á mismunandi gæðum verka frekar en þróun verðlags. Það er umfang listaverkanna og sundurleitni þeirra sem eykur á margræðni í uppbyggingu listaverkavísitölu. Við útreikning á vísitölu listaverka koma alltaf upp þau vandamál að einungis lítill hluti verka kemur aftur í sölu og mikill meirihluti verka sem seld eru verða verðlaus þegar fram líða stundir.[16]

[16] Hodgson, Douglas, J. og Vorkink, Keith P (2004).

## 3.3.1 Hin nýja listaverkaverðvísitala

Mynd 3. Hin nýja listaverkaverðvísitala.




Listaverkaverðvísitala skýrsluhöfunda er sett saman úr gagnabanka sem inniheldur 11.295 þúsund verk eftir 966 höfunda. Heildarverðmæti er 1.372.873.152 kr. Í viðauka 6 er tafla um verðmæti sleginna verka og magn hvers árs fyrir sig. Vægi hvers listamanns ræðst af verðhlutfalli og fjölda verka hans í gagnabanka, óháð stærð og gerð verkanna. Um áramót 2005/2006 var listaverkaverðvísitalan 151 stig.

# 4. Saga og framkvæmd uppboða

Í þessum kafla er fjallað um sögu listaverkauppboða á Íslandi, framkvæmd uppboða og uppboðsgjöld. Einnig er sagt frá stóra fölsunarmálinu þar sem það hefur haft mikil áhrif á listaverkauppboð síðustu 20 ár.

## 4.1. Saga

Um allan heim tíðkast að selja listaverk á uppboðum og hérlendis hafa uppboð verið haldin í áratugi. Fyrsta uppboðið var haldið í desember 1953 af Sigurði Benediktssyni uppboðshaldara.[17] Eins og tíðkast enn fór uppboðið fram á Hótel Sögu og voru verkin sýnd á forsýningu í tvo til þrjá daga áður. Næstu ár þar á eftir, allt fram til ársins 1984 þegar Gallerí Borg hélt sín fyrstu uppboð,[18] voru einungis haldin eitt til fjögur uppboð á ári. Aðrir uppboðshaldarar hafa verið Kristján Guðmundsson sem hélt nokkur uppboð á árunum frá 1963 til 1973 og Klausturhólar en uppboðshaldarar þar voru til skiptis feðginin Guðmundur Axelsson og Guðrún Guðmundsdóttir. Klausturhólar héldu 200 uppboð á árunum frá 1975 til 1997 en flest þeirra voru uppboð á bókum. Þá er ótalinn Bárður Halldórsson í Svarthömrum sem hélt fimm uppboð, það síðasta 1997. Eins og áður sagði hóf Gallerí Borg uppboðshald árið 1984 og hélt því áfram til ársins 1997, haldin voru 82 uppboð bæði undir stjórn stofnenda fyrirtækisins og svo síðar undir stjórn Péturs Þórs Gunnarssonar. Gallerí Fold hefur haldið 30 uppboð frá árinu 1994 og er nú eina uppboðshúsið á Íslandi. Fyrirtækið heldur 4 til 6 uppboð á ári og býður upp 130 til 170 verk í hvert sinn. Fyrir utan þessi hefðbundnu uppboð fara fram fjöldinn allur af góðgerðaruppboðum hjá hinum ýmsu félagasamtökum. Hin hefðbundnu uppboðshús hafa einnig haldið góðgerðaruppboð eins og til dæmis uppboð nr. 16 hjá Galleríi Fold[19] sem haldið var til styrktar Rauða Kross Íslands. Hamarshögg verka á slíkum uppboðum er oft á tíðum mjög hátt eins og sýndi sig á góðgerðaruppboði til styrktar UNICEF þar sem

[17] Uppboðsskrá nr 1 Sigurður Benediktsson 3-5 des. 1953.
[18] Uppboðsskrá nr 1 Galleri Borg 2. des. 1984.
[19] Uppboðsskrá nr. 16 Galleríi Fold. 25. nóv. 2001.

söfnuðust 90 milljónir króna og ómálað verk eftir Hallgrím Helgason var selt á rúmlega 21 milljón króna.[20]

> „Stuttu eftir var í sjónvarpsþættinum Silfri Egils rætt lítillega um boð fyrirtækjanna þriggja þar sem söfnuðust umræddar 90 milljónir. Viðmælendur furðuðu sig á því að einhver skyldi greiða 21 milljón fyrir ómálað málverk og 2,5 milljónir fyrir að starfa sem veðurfréttamaður á NFS. Auðvitað er slíkt ekki á færi flestra, en því má ekki gleyma að ef ekki hefði verið um uppboð til styrktar góðgerðarmála að ræða þá hefði verðið væntanlega verið lægra“.[21]

## 4.2 Framkvæmd uppboða

Uppboð á Íslandi fara að grunninum til eins fram og uppboð í norður og vestur Evrópu og í Bandaríkjunum. Ensku uppboðshúsin Sotheby’s og Christies ásamt Butterfields í Bandaríkjunum þróuðu þá uppboðsaðferð sem nú er við lýði hjá flestum uppboðshúsum.[22] Uppboðshaldarinn kallar eftir boðum í verkið og nefnir gjarnan einhverja tölu. Bjóðendur gefa svo merki á ýmsan hátt, t.d. með handahreyfingu, því að lyfta upp númeraspjaldinu eða munnlega, vilji þeir bjóða í verkið. Uppboðshaldarinn hækkar síðan verðið eða bjóðendur nefna tölu. Erlendis hækkar verðið oftast eftir ákveðnum reglum, til dæmis ef boðin eru 100 þúsund í verk, þá er næsta boð 110 þúsund og önnur boð ekki tekin til greina.
Áður en að uppboði kemur eru verkin sýnd á forsýningu þar sem bæklingur, svokölluð uppboðsskrá er að finna og fólk getur kynnt sér ástand verkanna og verðmat þeirra. Mörg uppboðshús birta uppboðskrár og verðmat á netinu og þó nokkur bjóða einnig upp á netinu eða taka á móti forboðum á rafrænan hátt. Uppboðshúsin verðmeta öll verk á þann hátt að lágmarksverðmat og hámarksverðmat eru gefin upp. Seljendur verka semja í flestum tilfellum við uppboðshúsið um lágmarkssöluverð sem ekki er gefið upp. Stundum seljast verk ekki þótt þau séu slegin þar sem viðunandi verð fæst ekki fyrir þau, þá er sagt að verk sé „slegið inn“. Það getur verið miklum vandkvæðum bundið að finna út hvort verk hafi verið slegið inn eða ekki og eru þær upplýsingar yfirleitt ekki aðgengilegar almenningi. Hér á landi liggja þessar upplýsingar ekki fyrir en samkvæmt upplýsingum frá Gallerii Fold er meðaltal seldra verka

---

[20] Vísir.is. Sótt 18. júní 2006.
http://www.visir.is/apps/pbcs.dll/article?AID=/20051203/FRETTIR01/112030040/1091.
[21] Hólmfríður Anna Baldursdóttir, föstudaginn 16. desember, 2005. Betra er að þiggja en gefa, http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1055859.
[22] Asenfelter, O. Og Graddy, K (2002).

89%[23]. Sigurður Benediktsson hafði það fyrir sið að láta vita hvort verk var slegið inn eða ekki á meðan uppboðið fór fram.[24] Uppboðshús í New York hafa síðan á sjöunda áratugnum verið skyldug til að upplýsa hvort verk hafi verið selt eða slegið inn.[25]

Verkin eru síðan sýnd hvert á fætur öðru í sal þar sem fólk býður í þau. Uppröðun og stemming á uppboðum hérlendis er töluvert frábrugðin því sem gerist erlendis. Hér vilja gestirnir gjarnan sitja við borð og sötra kaffi eða fá sér jafnvel smálögg í glas. Erlendis sitja gestir í röðum framan við uppboðshaldarann.

Uppboðin erlendis ganga mun hraðar fyrir sig en hér á landi og er ekki óalgengt að boðin séu upp tvö til fjögur verk þar á jafn löngum tíma og eitt verk er boðið upp hér á landi. Þessi munur hefur reyndar minnkað mikið á síðustu árum. Þeir sem komast ekki á uppboð geta boðið í verkin með því að fylla út sérstök forboðseyðublöð og mun starfs-maður uppboðsins t.d. bjóða í verkið fyrir hönd viðkomandi. Á flestum uppboðum er einnig hægt að bjóða í gegnum síma og hringja uppboðshúsin jafnvel í bjóðendur kjósi þeir það þegar komið er að því að bjóða upp það verk sem áhugi er fyrir. Hérlendis er venja að ódýrari verk séu boðin upp fyrst. Erlendis er það ekki svo. Reglan er sú að ekkert lágmarksverð er á flestum verkanna. Þannig eru þau seld á því verði sem boðið er í þau. Hins vegar er oft lágmarksverð á dýrari verkum. Þessi lágmarksverð eru ekki gefin upp, einungis verðmat á verkinu, og því getur það gerst að verk sé ekki selt.[26] Það er því „slegið inn“ – eigandi verksins á í raun hæsta boð í það.

[23] Jóhann Ágúst Hansen (2005).
[24] Bragi Guðlaugsson (munnleg heimild, 9. júní 2006).
[25] Asenfelter, O. Og Graddy, K (2002).
[26] Að kaupa list á uppboði, höf.: Jóhann Ágúst Hansen. http://www.myndlist.is/index.php?option=com_content&task=view&id=150&Itemid=59.

## 4.3 Uppboðsgjöld

Margar rannsóknir sem unnar hafa verið á þessu sviði útiloka allan kostnað sem fellur til við uppboðshald. Þetta er gert vegna þess að oft er um að ræða rannsóknir á endurteknum sölum á sama verkinu á ákveðnu tímabili og þá getur þessi kostnaður sveiflast á milli 10 – 30% á milli landa.[27]. Skýrsluhöfundar töldu best að sleppa þessum kostnaði alveg við útreikninga á verðvísitölu listaverka. Þessi kostnaður hefur breyst mikið á tímabilinu en nú er uppboðs- og höfundarréttargjald um það bil 20% sem leggst ofan á hamarshöggið. Uppboðsgjaldið hér á landi er oftast 10%, höfundarréttargjald var einnig 10% þar til nýlega. Höfundarréttargjald er mismunandi á milli landa en Evrópusambandið hefur sett lög um höfundarréttargjald til þess að samræma gjaldið í Evrópu. Þessi lög hafa tekið gildi í flestum löndum Evrópusambandsins og voru fest í lög hér á landi 1. janúar 2006[28]. Lögin veita nokkuð svigrúm til gjaldtöku í lægsta verðflokknum fyrir verk sem seld eru fyrir minna en 3.000,- evrur. Öll helstu viðskiptalönd Íslands innheimta 4-5% gjald í þessum verðflokki en Ísland er í sérflokki og innheimtir 10% gjald.[29] Gjaldið fer síðan stiglækkandi eftir því sem verkið er dýrara og getur hæst orðið 12.500,- evrur.[30]
Sala listaverka á uppboði er undanþegin virðisaukaskatti samkvæmt lögum frá 1988 en fyrir þann tíma var innheimtur söluskattur á uppboðum.[31]

## 4.4 Stóra fölsunarmálið

Fimmtudaginn 4. nóvember 1999 var Pétur Þór Gunnarsson dæmdur fyrir sölu á þremur fölsuðum málverkum og bókhaldsbrot. Einnig var hann dæmdur til greiðslu skaðabóta og málskostnaðar.[32] Ólafur Ingi Jónsson forvörður var aðalhvatamaður þess að rannsókn á meintum fölsunum hófst árið 1997. Ári síðar taldi Ólafur að meintar falsanir á markaði væru í

[27] Frey Bruno S. (2003), bls. 165.
[28] Lög nr. 117/2005.
[29] Jóhann Ágúst Hansen (2006). Skýrsla um höfundarréttargjöld. Óbirt skýrsla.
[30] Lög nr. 117/2005.
[31] Lög nr. 128b/1988. http://www.althingi.is/lagas/128b/1988050.html#g4.
[32] Dómur Hæstaréttar nr. 161/1999.

það minnsta 200.[33] Í viðtali við Þröst Emilsson fréttamann hjá Sjónvarpinu segir Ólafur að falsanirnar séu mun fleiri, „*Ja, svona nærri þrefalt meira kannski*“[34]. Síðar hefur komið fram að fjöldi falsaðra verka er enn meiri eða um það bil 900 verk.[35] Ljóst er að meirihluti þessara verka hafa verið seld á uppboðum hjá Galleríi Borg á tímabilinu 1990 til 1997 og leitt til mikillar aukningar á framboði listaverka ákveðinna höfunda.

[33] Vindur sífellt upp á sig. http://www.myndlist.is/index.php?option=com_content&task=view&id=127&Itemid=0 höf.: Tryggvi Páll Friðriksson.
[34] Ólafur Ingi í viðtali við Þröst Emilsson. Sjónvarpið, 29.10.1999.
[35] Ólafur Ingi Jónsson (munnleg heimild 13. júní 2006).

## 4.4.1 Rannsóknarferlið

Rannsóknir á fölsunum eru miklum vandkvæðum bundnar, þær eru dýrar, tímafrekar og krefjast mikillar sérfræðikunnáttu. Rannsóknaraðilar í stóra málverkafölsunarmálinu notuðust m.a. við innrauðar litrófsmælingar til að greina óþekkt sýni í málverkunum.[36] Eitt aðalefnið sem rannsakað var í þessu máli var alkýð.

Rannsóknirnar voru framkvæmdar af Viktori Smára Sæmundssyni hjá Listasafni Íslands og Sigurði Jakobssyni hjá Raunvísindastofnun[37] en einnig voru kallaðir til erlendir vísindamenn eins og Peter Bower sem býr yfir meira en 25 ára reynslu í pappírsrannsóknum.[38] Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra ákvað að skipta þessu umfangsmikla máli upp í tvö mál. Hið fyrra snerist um þrjú málverk sem eignuð voru Jóni Stefánssyni en voru í raun eftir danskan samnemanda hans Wilhelm Wills[39]. Rannsóknir sýndu svo ekki væri um villst að raunveruleg höfundarmerking hafði verið máð af og ný merking máluð yfir. Fram kom að hin nýja málning innihélt efnið alkýð sem var ekki notað í listmálaramálningu fyrr en mörgum árum eftir andlát Jóns Stefánssonar. Þó svo að ítarlegar rannsóknir hafi farið fram á þessum listaverkum og þau án alls vafa verið fölsuð var ekki hægt að sanna hver hefði í raun falsað verkin. Aftur á móti var það hafið yfir allan vafa að eigandi Gallerís Borgar keypti verkin með höfundarmerkingu Wilhelms Wills og seldi þau með höfundarmerkingu Jóns Stefánssonar.

Seinna málverkafölsunarmálið var mun umfangsmeira. Þá var ákært fyrir fölsun á yfir 100 listaverkum. Mikill fjöldi fræðimanna, listaverkasala og listaverkasafnara, bæði innlendir sem erlendir, voru kölluð sem vitni fyrir dóminn.

## 4.4.2 Dómurinn

[36] Viktor Smári og Sigurður. Sótt af vef Myndstefs http://www.myndstef.is/Apps/WebObjects/Myndstef.woa/wa/dp?id=1000206.
[37] Viktor Smári og Sigurður. Sótt af vef Myndstefs http://www.myndstef.is/Apps/WebObjects/Myndstef.woa/wa/dp?id=1000206.
[38] 4. dagur í málverkafölsunarmálinu, höf.: Jóhann Ágúst Hansen http://www.myndlist.is/index.php?option=com_content&task=view&id=95&Itemid=66.
[39] Dómur Hæstaréttar nr. 161/1999.

Sakborningarnir, Pétur Þór Gunnarsson og Jónas Freydal Þorsteinsson, voru sýknaðir af Hæstarétti Íslands en þeir höfðu áður hlotið skilorðsbundna dóma í Héraðsdómi Reykjavíkur. Í dómum segir að staða Listasafns Íslands sem eins kæranda í málinu hafi óhjákvæmilega verið talin valda því að þær sérfræðilegu álitsgerðir, sem lögregla hafði aflað hjá starfsmönnum listasafnsins fyrir útgáfu ákæru, gætu ekki talist tækar fyrir dómi til sönnunar um atriði sem vörðuðu sök ákærðu. Gilti þá einu hvort um væri að ræða myndverk, sem listasafnið hafi lagt fram kæru um, eða verk sem því væru óviðkomandi. Var ekki talið að þau sönnunargögn sem eftir stæðu, nægðu til að ákæruvaldið gæti talist hafa axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvíldi. Voru ákærðu því einnig sýknaðir af sakargiftum þeim er vörðuðu umrædd olíuverk.[40]

Hæstiréttur komst einnig að þeirri niðurstöðu að ákæruvaldið hefði mátt bæta úr þessum bresti á sönnunarfærslu með því að leita eftir dómkvaðningu kunnáttumanna til að leggja mat á þau atriði sem snúa að Listasafni Íslands, en til þess var fullt tilefni.

Aðspurður sagðist Ólafur Ingi Jónsson forvörður ekki skilja þessa afstöðu dómsins þar sem hann hafi verið kærandinn í málinu en ekki Listasafnið.[41]

Hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason og Garðar Gíslason skiluðu sérákvæði.

Töldu þeir að dæma skildi Pétur Þór í 12 mánaða fangelsi þar af mætti fresta 9 mánuðum og fella niður að þremur árum liðnum haldi ákærði almennt skilorð. Jónas Freydal töldu þeir að dæma ætti í 6 mánaða fangelsi og fresta 4 mánuðum þar af að tveimur árum liðnum héldi hann almennt skilorð.[42]

---

[40] Dómur hæstaréttar.
[41] Sýknudómur í málverkafölsunarmálinu. Höf.: Jóhann Ágúst Hansen http://www.shopping.is/php/linux?/jalta?ShowArticleOneShop=&Shop&1004695459&&&grid=97837.
[42] Dómur hæstaréttar.

### 4.4.3 Áhrif fölsunarmálsins

Ljóst er að málverkamarkaðurinn situr í lausu lofti eftir þennan dóm Hæstaréttar. Það er mat kunnáttumanna að síðastliðin áratugur hafi verið sá svartasti sem um getur og ekki fyrirsjáanlegt hvenær markaðurinn kemst upp úr þessum öldudal. Einnig má búast við því að fölsuð málverk eigi eftir að fljóta upp á yfirborðið um ókomna framtíð og skemma fyrir öllum þeim sem fjárfest hafa í málverkum gömlu meistaranna.[43]

Í úttekt sem Ólafur Ingi tók saman kemur fram að framboð á verkum þeirra listamanna sem urðu fyrir því að verk þeirra voru fölsuð jókst gríðarlega upp úr 1990. Einnig kemur greinilega fram að framboð á verkum þessara listamanna féll þegar ákæran kom fram 1997.[44] Fölsunarmálið gæti komið verst niður á eldra fólki sem ekki hafði tök á því að greiða í lífeyrissjóði og fjárfesti þess í stað í ýmsum föstum verðmætum eins og málverkum. Þrátt fyrir þetta eru ýmis merki um að markaðurinn sé farinn að jafna sig og fleiri verðmætari verk eftir gömlu meistarana eru farin að berast inn á uppboðin. Má í því sambandi nefna að vatnslitaverk eftir Ásgrím Jónsson var selt á uppboði Gallerís Foldar á tæplega 6,2 milljónir króna með álögðum gjöldum.[45]

[43] Ólafur Ingi Jónsson.
[44] Ólafur Ingi Jónsson.
[45] Uppboðskrá nr. 30 Gallerí Fold 7. maí 2006.




Mynd 4. Meðalverð sleginna verka á ári og heildarfjöldi.

Á mynd 4 hér að ofan má sjá hversu gríðarleg aukning verður á fjölda sleginna verka árið 1990 en þá er talið að fyrstu fölsuðu verkin komi fram. Athyglisvert er þó hve verðið hækkar samhliða framboðsaukningunni. Árið 1997 er ákært í stóra fölsunnar málinu og árið 2004 fellur seinni hæstaréttardómurinn en þá er mikið fjallað um falsanir í fjölmiðlum.

## 5. Listaverkamarkaðurinn

Víða erlendis gengur myndlist kaupum og sölum á líflegum uppboðsmörkuðum. Áhugi á myndlist sem fjárfestingarkosti hefur færst í aukana á síðustu árum. Hér á landi er myndlistamarkaðurinn enn í mótun og uppgangur myndlistarinnar er ekki sá sami og víða erlendis.

> Það sem er verra er að landar vorir virðast ekki gera sér grein fyrir því, að myndverk eigi að kosta eitthvað, þótt myndlistarmaðurinn sé ekki horfinn af vettvangi steindauður og moldu orpinn, og verður það að teljast frekar undarleg ást til listgreinarinnar og ekki um mikinn myndrænan þroska að ræða né alhliða þekkingu á gildi og verðmæti myndlistar né á listamarkaðnum yfirhöfuð. (Bragi Ásgeirsson – Morgunblaðið 10. nóvember 1990.)

Oft hafa listamenn bent á það með greinarskrifum sínum að myndlistarmarkaðurinn hér á landi beri með sér vott um vanþroska, hann sé ekki í samhengi við það sem er að gerast erlendis og þróun verðs sé ekki sú sama. Einfaldasta útskýringin á þessu er smæð markaðarins. Þekking og áhugi fólks á myndlist er lítill hér á landi í samburði við önnur lönd þar sem markaður með myndlist er líflegur og oft á tíðum eru greiddar háar fjárhæðir fyrir listaverk. Smæð markaðar og lítil þekking er ekki eina ástæðan fyrir því að virkur markaður með myndlist hér á landi sé lítill, heldur það að hér hefur verið litið á markað fyrir íslenska list sem innanlandsmarkað óháðan alþjóðlegum listaverkamarkaði.[46] Góð listaverk eru þeim kostum búin að þau rýrna ekki í verði eins og aðrir fastafjármunir, heldur geta hækkað í verði og gefið góða ávöxtun til langs tíma. Skammtímagróði er ólíklegri en langtímagróði líkt og þegar um hlutabréf og önnur verðbréf er að ræða. Skilyrði fyrir slíkri ávöxtun er virkur markaður fyrir myndlist og að hægt sé að koma verkunum í verð í gegnum uppboðshús eða aðra aðila og að eftirspurn sé á markaði.[47]

---

[46] Jóhanna Margrét Ólafsdóttir (2005).
[47] Vöxtur og vextir myndlistar. Þóroddur Bjarnason, http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html.

## 5.1 Verðmætasköpun myndlistarinnar.

Þegar myndlistamaður kaupir sér efni og skapar verk sem öðlast verðgildi á markaði á sér stað virðisauki. Þegar listamaðurinn leggur til sköpunarvinnu og selur síðan verk sitt á margföldu efnisverði hafa augljóslega orðið til verðmæti, þó svo að verðmætið liggi ekki í efninu sjálfu, heldur þeim óáþreifanlegu verðmætum sem listamaðurinn lagði í það. Hugsanlega eiga margir eftir að græða á því ferli sem rétt er að hefjast þegar listamaðurinn selur verk eftir sig.

Fjármálamenn og annað upplýst fólk á peningasviðinu sem verslar með verðbréf er oft að hugsa um skyndigróða. En verðmæti listaverks verða ekki til á einni nóttu. Verðmætasköpunin hefst í raun ekki fyrr en verkið eða hugmyndin er samþykkt á einhverjum markaði eða ef fjárfestir sem vill bæta eigin lífsgæði eða selja það öðrum seinna með hagnaði. Kaupandinn er farinn að hagnast á endursölu verksins án þess að listamaðurinn auki afkomu sína. En um leið og komin er eftirspurn á markaði eftir verkum listamannsins þá aukast líkur á að hann geti selt fleiri verk á hærra verði í framtíðinni. Málverk eru gerð til að endast og því er ekki óeðlilegt að álykta sem svo að hluti af verði þess sé samanlagt framtíðarvirði væntanlegra kaupenda sem eru reiðubúnir til að greiða fyrir væntanlega notkun þess.[48]

Með aukinni eftirspurn hækkar verð (lögmálið um framboð og eftirspurn). „Listamaðurinn hagnast ekkert á því að halda verkunum fyrir sig ef einhver eftirspurn er á markaðnum”[49] Þekking listamannsins á markaðnum og eftirspurnin hefur áhrif á ákvarðanir hans um leið og hann leggur hugmynd sína á borð fyrir kaupandann og verðleggur verk sín. Hann tekur mið að því að á almennum markaði sýni listaverkasafnarar, söfn, fyrirtæki og einstaklingar honum áhuga og kaupi verkin hans.[50]

[48] Hodgson, Douglas, J. og Vorkink, Keith P. Asset Pricing theory and the Valuation of Canadia- painting, bls. 630.
[49] Jóhanna Margrét Ólafsdóttir (2005) bls. 18.
[50] Jóhanna Margrét Ólafsdóttir (2005) bls. 18-19.

## 5.2 Hvað aðgreinir listamarkaðinn frá öðrum mörkuðum?

Einkenni listamarkaðarins eru önnur en hins almenna markaðar vegna mismunandi hegðunar kaupenda á listaverkamarkaðinum. Á markaði er eitthvað sem einhver hefur fram að færa og aðrir sækjast eftir, þar er framboð og eftirspurn. List er ekki bara efnið eitt og sér, haft til skrauts. List er hugverk listamanns sem komið er á framfæri til neytanda svo hann sjái þar einhver verðmæti, óáþreifanleg eða áþreifanleg[51].

Við rannsóknir á listamarkaðnum eru takmörkuð gögn sem hægt er að nota til að kanna skilvirkni markaðsins. Verð við hamarshögg á uppboðsmörkuðum endurspegla ekki endilega markaðsverð á myndlist.[52] Listaverk eru seld í gegnum galleríin, af listamanninum beint til neytenda og á milli listaverkasafnara. Gögn um þess háttar sölu er erfitt að nálgast. Eins og áður sagði er það hegðun neytenda sem skiptir máli og þeim má skipta í þrjá flokka.

1. Listaverkasafnarar sem kaupa list sér til ánægju eru ekki eingöngu að hugsa um verkin sem góða fjárfestingu. Sem dæmi má taka listaverkasafnara sem á listaverk metið á 3-5 milljónir. Fáir eigendur slíkra verka líta á það sem fórnarkostnað að eiga og njóta verksins á vegg hjá sér á móti vöxtum sem þeir gætu fengið fyrir sömu fjárhæð í banka eða af öðrum fjárfestingum. Annað dæmi er um fólk sem safnar listaverkum sem nokkurs konar persónulega minningu um sjálft sig eða sem arf til afkomenda sinna.[53]
2. Fyrirtæki sem kaupa málverk gera það oft til þess að leggja sitt af mörkum til samfélagsins, verða nokkurskonar velgjörðamenn listarinnar. Þá er það smekkur stjórnenda fyrirtækisins sem ræður því hvaða verk eru keypt.[54] Fyrirtæki eru líklegri til að kaupa verk eftir þekkta listamenn sem hafa öðlast viðurkenningu á sínu sviði frekar en að styrkja óþekkta listamenn.[55]
3. Opinber söfn og aðrir skyldir aðilar eru stórir kaupendur listaverka hérlendis sem erlendis. Þessir aðilar kaupa list til eignar, ekki til endursölu (með fáum

[51] Jóhanna Margrét Ólafsdóttir (2005) bls. 16.
[52] Frey, Bruno S. (2003) bls. 169.
[53] Frey, Bruno S. (2003) bls. 169.
[54] Frey, Bruno S. (2003) bls. 169.
[55] Jóhanna Margrét Ólafsdóttir (2005) bls. 12.

